



1624. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
10.5.2017, kl. 11:30

1. Fundargerð 1623. fundar

Samþykkt.

2. Aðilarumsókn að UMFÍ

Niðurstöður nefndar liggja fyrir. Fela m.a. í sér að aðilarumsóknir verði endurnýjaðar fyrir þing UMFÍ í haust. Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára það mál í samræmi við samþykta stefnu frá 48. þingi ÍBR.

3. Ferðastyrkir

Umsóknir um ferðastyrk hafa borist vegna þátttöku í Smáþjóðaleikunum í sumar. ÍBR hefur til þessa ekki veitt ferðastyrki vegna leikanna enda liggja fyrir samningar um fjármögnun á milli ÍSÍ og viðkomandi sérsambanda. Formanni og framkvæmdastjóra falið að taka málið upp við ÍSÍ og leggja tillögu fyrir næsta fund.

4. Viðmið fyrir afmælisgjafir á stórafmælum félaga

Fyrirliggjandi tillaga A samþykkt með breytingum þ.e. að peningagjafir verði aðeins gefnar á heilum tugum. Undantekningar eru önnur, viðurkennd stórafmæli s.s. 25 ára, 75 ára o.s.frv. Taflan með viðmiðum verði uppfærð í samræmi við þessa niðurstöðu.

5. Húsaleiga í húsi ÍBR

Umræður. Framkvæmdastjóra falið að skoða hvort mögulegt að mæta þörfum Atlas og HÍ m.a. með samráði við ÍSÍ.

6. Þing sérsambanda

Haukur verður fulltrúi ÍBR á þingi JSÍ. Að óbreyttu enginn fulltrúi ÍBR á þingi DSÍ.

7. Aðildarumsókn

Vísað til laganefndar.

8. Fjölnota mannvirki

Drög að bréfi til Reykjavíkurborgar vegna málsins lögð fram og rædd. Formaður og framkvæmdastjóri endurskoða í samræmi við umræður.

9. Íþróttamannvirki – umræða

Starfsmenn ÍBR, þau Þórður, Brynja, Hrefna, Sigurður og Kjartan tóku þátt í þessum lið fundarins. Umræður um m.a. skýrslu mannvirkjanefndar og næstu skref. Unnið verði úr fyrirliggjandi gögnum frekara yfirlit yfir hvaða þjónusta er í boði fyrir hverja í hverfum borgarinnar. Í framhaldinu verði haldnir vinnufundir með fulltrúum íþróttafélaga og Reykjavíkurborg.

10. Önnur mál

- Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:10.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari.